



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Félags og tryggingamálanefnd
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 25. febrúar 2009

Efni: Frumvarp til laga greiðslur til líffæragjafa

Samtök atvinnulífsins (SA) hafa fengið til umsagnar ofangreint mál. SA þakkar Alþingi fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp.

Samtök atvinnulífsins áttu fulltrúa í þeim vinnuhóp sem lagði fram tillögur þær sem frumvarp þetta byggir á. Eru samtökin því sátt við frumvarpið og fagna því að hægt verði að bæta þeim tekjutap sem gefa líffæri en réttindi launafólks til launa í veikindaförföllum samkvæmt kjarasamningum nær ekki til þessara tilvika.

Samtök atvinnulífsins vilja þó koma á framfæri eftirfarandi athugasemd:

Samkvæmt 8. gr. frumvarpsins hefst réttur til greiðslna til líffæragjafa frá og með þeim degi er fullar launagreiðslur í forföllum vegna líffæragjafar falla niður frá vinnuveitanda. Skal þá leggja fram vottorð vinnuveitanda um að líffæragjafi hafi lagt niður störf og að launagreiðslur hafi fallið niður. Aðstæður geta verið með þeim hætti að undirbúningur líffæragjafar leiði til óvinnufærni að hluta og skerts starfshlutfalls líffæragjafa fyrir líffæragjöfina s.s. vegna lyfjameðferðar og rannsókna. Undanþága 11. gr. frumvarpsins um greiðslur samhliða minnkuðu starfshlutfalli á einungis við eftir að líffæragjafi kemur aftur til starfa eftir líffæragjöf í lægra starfshlutfalli og nær því ekki til þessara tilvika. Eðlilegt er að undanþágu 11. gr. frumvarpsins verði breytt á þann hátt að hún geti einnig náð til skerts starfshlutfalls fyrir líffæragjöfina og þá skv. sömu skilyrðum.

Að öðru leyti hafa Samtök atvinnulífsins ekki athugasemdir við frumvarp þetta eins og það er nú úr garði gert.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Guðrún Björk Bjarnadóttir hdl.